

1864.

8. des.

88. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um póstferð frá Höfða til Seyðisfjarðar.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi 3. maím. þ. á. skýrt frá, að yður eptir því, sem ástatt er, hafi þótt nauðsyn til bera að skipa póststöðvar og bréfasöfnunarstað á bænum Höfða, og að þér hafið kvatt bóndann þar, Pál Ólafsson, til að vera póstaafgreiðslumann og falið honum á hendur fyrir tilhlýðilega borgun að senda til Seyðisfjarðar bréf og böggla, er koma með póstinum í hvert skipti, er hann kemur frá norðurlandi, en þar á móti hafi Smith sýslumaður tekizt á hendur að senda á sinn kostnað til póststöðva þessara þau bréf, sem senda á frá Seyðisfirði til norðurlands; hafið þér beðið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafið látið borga Páli Ólafssyni af pósttekjunum 4 rd. fyrir hverja af þeim þrem ferðum, sem þegar hafa farnar verið samkvæmt ráðstöfun þessari, og stungið uppá að honum framvegis verði veittir 6 rd. á ári sem þóknun fyrir afgreiðslu póstsins og 4 rd. fyrir hverja aukaferð, er hann sendir til Seyðisfjarðar, og hafið þér getið þess, að hann hafi verið ófáanlegur til að takast þetta á hendur fyrir minni borgun.

Um þetta efni kunngjörir stjórnarráðið yður, að það, eptir því sem ástatt er, fellst í öllum greinum á uppástungur þær, er þér þannig hafið gjört.

8. des.

89. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiðtsyfirvaldanna á Íslandi, um launaviðbót handa forstöðumanni prentsmiðjunnar m. m.

Þegar rannsakaður var reikningur prentsmiðju Íslands fyrir árið 1861 höfðu verið gjörðar útásetningar um: að ekki hafi verið útvegað samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að Einari Þórðarsyni, forstöðumanni prentsmiðjunnar, hafði verið veitt föst launaviðbót, 100 rd. á ári, í stað þeirra 80 rd. á ári, sem hann